

Nd. **594. Nefndarálit** [56. mál]
um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölgun hæstaréttardómara úr sex í sjö. Jafnframt er m. a. gert ráð fyrir að aðeins þrír dómara skipi dóm í kærumálum og minni háttar málum. Hvort tveggja er talið hraða meðferð mála fyrir dómstólum.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Matthías Á. Mathiesen mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 2. maí 1979.

Vilmundur Gylfason,
form.

Einar Ágústsson,
fundaskr.

Friðrik Sophusson,
frsm.

Svava Jakobsdóttir.

Gils Guðmundsson.

Árni Gunnarsson.